

Lífið er erfitt

Lag og texti: Bubbi Morthens

Lífið er erfitt, gjaldmælirinn gengur
gamall kóngur og lítill drengur
glata áttum í hafi veruleikans
drottningin stígur döpur sinn dans
meðan trúðurinn tínir upp rykfalið myrkur
töfrarnir horfnir sem hinn forni styrkur.

Sólin er á hvolfi í tjörninni rauðu
eigra um í garðinum hinir lifandi dauðu
krákurnar feigðinni fagnandi taka
með opinn gogginn gírugar vaka
græðgin sem snákur eittrar þitt hjarta
rökkrið að sötra upp ljósið þitt bjarta.

Lífið er erfitt, gjaldmælirinn gengur
tröllin eru komin til að éta þig drengur

Í Armanibrynju inn í bankann þú æðir
eldur drekans um gullið þitt flæðir
skjöldurinn klofinn kjarkinn að missa
vopn þín bitlaus skrefið var skyssa
sem þú tókst í trú um skjótfenginn auð
það er lygi sem sagt er að tröllin séu dauð.

Skuggar dökkir þeir æða yfir landið
allt er á hvolfi, slitið ættarbandið
athafnaskáldin gömul og góð
en gættu þín á kvöldin þau drekka mannablóð

bros þeirra boða aldrei neinum neitt gott
á flóttu leggja hundar með lafandi skott.

Lífið er erfitt og gjaldmælirinn gengur
tröllin eru komin til að éta þig drengur.

Myrkrið ber moldarkeim fyrir vitin
maðurinn vaknar, það gerir hitinn
nátúran fölnar, fjöllin án ljóma
þú finnur aldrei vinur heiður né sóma
í lyginni þótt enginn annar það viti
iljar þínar brenna, hvaðan kemur þessi hiti.

Lífið er erfitt, gjaldmælirinn gengur
gatan er horfin þér litli drengur
kastalinn brunninn, brunnurinn tómur
vonleysi í auga, veikur þinn rómur
krákurnar komnar tíminn líður
handan hornsins dómari bíður.

Vinsældalistar

#8. sæti Tónlist.is - Netlistinn (45. vika 2004) 1. vika á topp 10

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi - Tvíburinn (2004)